

Námsáætlun vetur 2016- 2017

Samfélags og náttúrufræði

4. Bekkur

Áfangalýsing					
	Megintilgangur með námi í náttúrufræði er að auka og styrkja áhuga nemenda á umhverfinu og að þeir umgangist náttúruna af ábyrgð og virðingu. Nemendum er gerð grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni og að lífsafkoma hans byggist á samspilinu við hana. Nemendur eiga að fá tækifæri til að auka orðaforða sinn, afla upplýsinga, gera athuganir og skrá niðurstöður. Undir náttúrugreinar heyra m.a. náttúrufræði, eðlisvísindi, jarðvísindi, lífvísindi og umhverfismennt. Megintilgangur samfélagsgreina er að efla hæfni nemenda til að skilja veruleikann þ.e. umhverfið, samfélagið, söguna og menninguna, að átta sig á sjálfum sér og öðrum og að þróa tengsl sín við aðra. Nemendur fræðast um réttindi sín og skyldur, um ábyrgð og átti sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum. Undir samfélagsgreinar heyra m.a. samfélagsfræði, þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni og heimspeki. Samfélags- og náttúrufræði er samþætt við íslensku og markmið gerð sýnileg. Nemendur fá tækifæri til að vinna sjálfstætt og í samvinnu við aðra, afla sér upplýsinga eftir fjölbreyttum leiðum, draga ályktanir og beita gagnrýnni hugsun. Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex: Læsi – Sjálfbærni - Lýðræði og mannréttindi – Jafnrétti - Heilbrigði og velferð - Sköpun. Reynt er að vinna með alla þessa þætti, mis mikið og ræðst það af þemu hverju sinni.				
Tímabil	Viðfangsefni	Markmið	Kennsluhættir/leiðir	Grunnefni	Námsmat
Ágúst og september	Tré Plöntur	Að nemendur: - geti greint í umhverfi helstu tegundir blóma og trjáa - þekki muninn á lauftrjám og barrtrjám - þekki helstu hluti plantna - þekki þjóðarblóm okkar og sérkenni þess.	Innlögn, einstaklingsvinna, hópavinna á skólalóðinni og í Naustaborgum. Útivera á skólalóð Ljóð um haustið	Bókin <i>Tré, Blómin okkar, myndir af</i> https://mms.is Plöntuvefurinn Efni af vef	Könnun á þekkingu nemenda á helstu tegundum trjáa og blóma.
September	Haust vindar, hvar er skjólið Plöntur og dýr búa sig undir veturinn	Að nemendur: - geri sér ljóst hvað vindátt er, að vindurinn er missterkur og að í honum felst kraftur - geri sér grein fyrir því að lífverur undirbúa sig fyrir veturinn á mismunandi hátt	Umræður, para- lestur, innlögn Nemendur velja sér dýr og vinna í hópum myndrænt og skriflegt	<i>Náttúran allan ársins hring bls. 17-30</i> Myndband um músina Helgu	Könnun

		-þekki muninn á farfuglum og staðfuglum			
Október	Húsdýrin	Að nemendur: -kynnist landbúnaðarstörfum -kynnist algengustu húsdýrum á Íslandi -geti flokkað lífverur eftir auðsjáanlegum einkennum, s.s. rándýr, spendýr, jórturdýr, klaufdýr og hófdýr -þjálfist í að beita heitum og hugtökum yfir sjáanlega líkamshluta -geti flokkað dýr í jurtaætur eða kjötaetur -viti að sum störf eru árstíðarbundin -skilji að umhverfið getur haft áhrif á störf og búsetu	Samræður í upphafi, fyllt í KVL ramma, lestur, upplýsingaleit, umræður, innlögn kennara, horft á myndbönd, verkefnavinna. -- Nemendur velja sér húsdýr sem þeir vilja kynnast frekar. Gera leitaráætlun og síðan samfelldan texta. Verkefnin kynnt fyrir bekkjarfélögum.	<i>Í sveitinni með Æsu og Gauta</i> Myndband er fylgir bókinni Ýmsar bækur um húsdýr af skólasafni Myndir og efni af vef	Könnun
Nóvember/ desember	Ísland Landnám Íslands	Að nemendur: -átti sig á uppbyggingu Íslands -þekki helstu/stærstu jökla, eyjar, firði og bæi á Íslandi -viti um helstu atvinnuvegi Íslendinga -kynnist hvernig Ísland varð til -átti sig á hvernig umhorfs var á Íslandi áður en landnámsmenn komu -kynnist landnámi Íslands -þekki fyrstu landnámsmenn okkar -kynnist hvernig landnámsmenn helguðu sér landsvæði	Samræður, lestur bókarinnar Ísland landið okkar, innlögn kennara. Nemendur nota kortabók og finna helstu eyjar, bæi, jökla og firði, skrá í verkefnabók. Velja sér stað á Íslandi, afla sér frekari upplýsingar um hann, skrá og kynning í lokin á verkefninu. Nemendur skrá það sem þeir vita um landnámsmenn okkar og einnig hvað þeir vilja vita –KVL. Lestur bóka, samræður, innlagnir, stöðvavinna. Val um landnámsmann, notaður fræðslurammi til að fylla í. Kynning.	<i>Könnum kortin 2 Ísland landið okkar Komdu og skoðaðu landnámið Skinna lestrarbók Sagan okkar Landnámsmennirnir okkar Landnám Íslands Litlu landnemarnir Kortabækur</i>	Könnun Sjálfsmat

Janúar/ febrúar	Íslenskir þjóðhættir	Að nemendur: -kynnist daglegu lífi fólks á Íslandi fyrir á tímum -þekki til gamalgróinna atvinnuvega landsmanna og hvernig þeir hafa breyst -þekki uppruna séríslenskra fæðutegunda og hugtök sem þeim tengjast	Kveikja um hvernig Ísland var hér áður fyrir, skráð í KVL. Bókin lesin í skóla og heima. Spurningar útbúnar og farið í spurningakeppni. Nemendur velja sér verkefni eftir áhugasviði, gera sína útfærslu og kynna það fyrir bekkjarfélögum. Heimsókn á Minjasafnið.	<i>Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti</i> Ítarefni á https://mms.is Bækur af skólabókasafni <i>Ísland áður fyrir, heimilið, fjölskyldan, störf áður fyrir.</i> Kista með áhöldum fyrra tíma að láni frá Minjasafninu. <i>Náttúran allan ársins hring bls. 31-43</i> <i>Komdu og skoðaðu Hringrásir bls. 2-5</i> <i>Náttúran allan ársins hring bls. 31-35</i>	Sjálfsmat Jafningjamat Munnleg könnun
Febrúar/ mars	Himingeimurinn	Að nemendur: -þekki að jörðin er hluti af stóru sólkerfi, reikistjörnum og tunglum -viti að reikistjörnurnar eru 8 og þekki röð þeirra frá sólu -þekki uppbyggingu jarðar og gang hennar kringum sólina -þekki gang tunglsins og dægraskipti -þekki breiddar- og lengdarbauga	Kveikja með samræðum og vefefni skoðað. Nemendur vinna hver sína verkefnaöppu og vinnubók. Þetta er að mestu einstaklingsvinna með innlögn kennara og samræðum. Bókin er að hluta til lesin í upphafi og síðan notuð sem heimild í verkefnavinnunni.	<i>Komdu og skoðaðu himingeiminn.</i> Ítarefni á www:mms.is Ýmsar bækur af skólabókasafni Myndbönd Vefefni á google earth	Sjálfs- og kennaramat á verkefnabók Skrifleg könnun

		-geti tengt dægna- og árstíðaskipti við hreyfingu sólar og jarðar			
Apríl	Mannkynssaga	Að nemendur: -viti að saga jarðarinnar er miklu lengri en saga mannsins -átti sig á að til hafa verið fjölmörg mismunandi menningarsvæði í heiminum -kynnist nokkrum sögufrægum persónum t.d.landkönnuðum -þekki til nokkurra sögufrægra fornminja -kynnist aðstæðum, réttindum, byltingum, lýðræði og menntun almennings á ólíkum tímabilum -geti gert tíma ás og sett á hann helstu viðburði mannkynssögunnar -kynnist Egyptalandi hinu forna -kynnist kínverskum uppfinningum	Umræðu- og spurnaraðferð Heimildavinna Hóp- og samvinnunám Bókinni skipt upp í verkefni sem unnin eru í hópum. Hver hópur fær ákveðið landsvæði, kynnir sér sögu þess á ákveðnum tíma. Hópurinn kynnir niðurstöður sínar fyrir samnemendum sínum.	<i>Komdu og skoðaðu sögu mannkyns</i> Ítarefni er tengjast bókinni á https://mms.is Ýmsar bækur af skólabókasafni Landakortabækur Spil Veggspjald Myndir Tímarit Ferðabæklingar Myndir og efni af vef	Jafningjamat Mat á hvernig hópar skila verkefnum.
Maí	Nýsköpun	Að nemendur: -þekki ferlið þörf-lausn-afurð -kunni að leita að þörfum og vandamálum í umhverfinu -geti tekið þátt í hugmyndavinnu í hóp og læri að virða hugmyndir annarra	Nemendur fá bókina hans Braga, gera þarfagreiningu á heimilum sínum og reyna að finna lausnir. Allir fá eitt verkefni til að útfæra á sinn hátt – hönnun. Heimsókn fengin frá nýsköpunarhönnuði	<i>Nýsköpunarmennt</i> Ítarefni á www:nkg.is Bókin hans Braga-ljósrit	
	Endurvinnsla	-átti sig á að þeir eru hluti af stærra samfélagi -viti hvað vistspor er og átti sig á að jörðin hefur takmarkaða	Endurvinnslan heimsótt Umræður og vangaveltur um allt það sorp sem hvert heimili lætur frá sér og þann mat sem er hent.	Ýmist tímarit Myndir Upplýsingar af vef t.d. www:landvernd.is	Ritun – þar sem nemendur setja fram hugmyndir og

		stærð og móttaka mengunar því takmörkuð -geri sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni -geri sér grein fyrir að mikið sorp fellur til frá hverju heimili -átti sig á að miklum mat er hent á sama tíma og börn deyja úr hungri	Umræður um matarsóun og mikilvægi góðrar umgengni um jörðina á sér stað jafnt og þétt yfir skólaárið.		vangaveltur sínar um sorp, mat og mengun.
--	--	--	--	--	--

Námsmat
Megintilgangur námsmats er að leiðbeina nemendum um námið og hvernig þeir geti náð markmiðum þess. Með námsmati er fylgst með því hvernig nemendum tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu og þeir örvaðir til framfara. Eftir hvert viðfangsefni er námið metið og birt í verkefnabók í Mentor. Þar kemur jafnframt markmið hvers þema. Frammistöðumat er í október og í mars. Lokamat er í júní.

Kennarar
Margrét Baldvinsdóttir margret@akmennt.is , Sara E. Svanlaugsdóttir sara@akmennt.is , Katrín Hjartardóttir katma@akmennt.is , Ragnheiður Sigurðardóttir stuðningsfulltrúi

Birt með fyrirvara um breytingar